

**20. mál 2018. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

**Vesturlandsprófastsdæmi:**

Saurbæjarprestakall er lagt niður. Innra-Hólms, Leirár- og Saurbæjarsóknir tilheyra eftirleiðis Garðaprestakalli. Garðaprestakall nefnist Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.